

Alþingi
Erindi nr. P 122/ ~~122~~ 279
komudagur 26.11.97

Allsherjarnefnd Alþingis
b.t. Sólveigar Pétursdóttur
Alþingishúsinu v/Austurvöll.

Umsögn Héraðsdóms Vesturlands um frumvarp til laga um dómstóla.

Með bréfi yðar dags. 6. þ.m. var beðið um umsögn dómstólsins um framkomið frumvarp til laga um dómstóla, en frumvarpið hefur verið sent fjölmörgum aðilum til umsagnar. Með hliðsjón af því mun ég hér á eftir aðallega fjalla um þau atriði í frumvarpinu, sem ég tel að varði starfsemi dómstóla, þar sem starfar einungis einn héraðsdómari.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því, að afnema heimild um að skipa megi dómarafulltrúa við dómstólana eins og verið hefur, en ráðgert samkvæmt 17. gr. frumvarpsins, að til aðstoðar dómurum megi ráða lögfræðinga, sem ekki er gert ráð fyrir að hafi dómsvald af neinu tagi. Þetta fyrirkomulag hefur augljóslega ýmsa kosti, en einnig ókosti. Hlýtur það frekar að leiða til tvíverknaðar auk þess, sem nokkuð ljóst er, að tæplega munu aðrir en ungir lögfræðingar með enga eða takmarkaða reynslu af dómstörfum, ráðast til þessara starfa.

Í umdæmi Héraðsdóms Vesturlands eru nú 4 þinghár, hver með sinn þingstað. Dómstörfum við dómstólinn fylgja því mikil ferðalög. Í 2. mgr. 2.gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því, að aðalreglan verði sú, að hvert dómaumdæmi verði ein þinghá, en dómsmálaráðherra megi víkja frá því með reglugerð. Í athugasemdum með frumvarpinu er og gert ráð fyrir því að þetta ákvæði frumvarpsins sé sett með það fyrir augum að fella niður þingstaði, þar sem mjög fá mál koma til meðferðar. Virðist því, sem þetta ákvæði muni verða til þess, að einungis einn þingstaður af fjórum í umdæmi Héraðsdóms Vesturlands verði felldur niður, eða þinghá í Búðardal. Þar sem hins vegar ætlunin er með frumvarpinu, að einungis einn starfsmaður með dómsvald starfi við dómstólinn verður, vegna þess tíma sem fer í ferðalög dómara, þingstaður

dómstólsins að vera aðeins einn, en vandséð er að sú skipan verði viðhöfð vegna byggðasjónarmiða.

Að óbreyttum réttarfarslögum, þ.e.a.s. meðan þarf menn með dómsvald til þess að inna af hendi störf þau, sem nú eru innt af hendi við dómstóla og með sama eða svipuðum fjölda þingstaða innan umdæmisins, er óhugsandi að einn dómari geti annast meðferð þeirra mála, sem honum berast hvorki í skemmri eða lengri tíma og skiptir þá ekki máli hversu marga löglærða aðstoðarmenn dómari hefði. Afgreiðsla dómsmála verður að vera með þeim hætti að dómarar hafi viðunandi tíma til þess að skoða mál sem best og afgreiða þau.

Í frumvarpinu virðist og vera gengið út frá því að starfskraftar dómara séu við núverandi skipan illa nýttir, án þess þó, eins og segir í athugasemdum með því, að fram hafi farið könnun á því. Kemur þetta fram m.a. í 6. mgr. 15. gr., 17. gr., 3. mgr. 18. gr. og 20. gr. svo og athugasemdum með þessum ákvæðum. Það hlýtur þó að mega vænta þess, að aukin verkefni dómara skapi hættu á óvandaðri vinnubrögðum eða uppsöfnun verkefna, sem leiði til lengri málsmeðferðartíma og þar af leiðandi skerðingar á réttaröryggi. Þá er og augljóst að ýmis ákvæði laganna eru til þess fallin að rýra starfskjör dómara. Nægir í þessu sambandi að nefna, að samkvæmt frumvarpinu munu dómarar ekki fá greitt sérstaklega fyrir meðdómendastörf.

Þá þykir og rétt, að benda á ósamræmi í greinum frumvarpsins, þar sem talað er um dómstjóra, eins og gert er ráð fyrir að starsheiti þeirra, sem veita dómstólum forstöðu, verði, en t.d. í 24. og 27. gr. frumvarpsins, er talað um forstöðumenn.

Með frumvarpinu er m.a. stefnt að því að efla sjálfstæði dómstólanna og skilvirkni verður það tæplega gert nema að dómarar hafi nægan tíma til þess að sinna störfum sínum.

Hér að framan hafa verið tiltekin þau atriði, sem í fljótu bragði þarfnast að mínu mati nánari skoðunar, en hinu sleppt sem vel er gert.

Borgarnesi, 25. nóvember 1997.

